

1871.

10. ágúst.

afgjaldið af Kálfárvöllum um 2 vættir og 10 fiska (4 rd. 85 sk.) Ennfremur hafið þér leyft, að húsin á hjáleigunni Kálfárvallakoti verði lögð niður, og timbríð selt við opinbert uppboð, eptir að leigaliðinn hafi skilað húsunum í fullu standi.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtíð það, að stjórnarráðið fellst á þessar ráðstafanir, en stjórnarráðið býst samt við, að afgjaldið verði hækkað aptur við næsta leigumála.

11. ágúst.

80. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptysfirvaldanna á Íslandi, um raka í bókhlöðu hins lærða skóla í Reykjavík.

Um leið og þér, herra stiptamtáður og þér, háeruverðugi herra, senduð hingað með bréfi 6. júní þ. á. skýrslu frá skóla-meistarannum við hinn lærða skóla í Reykjavík um það, að svo mikill raki sé í hinu nýja bókhlöðuhúsi skólans, að hætt sé við, að bækurnar skemmist þar, hafið þér borið undir stjórnarráðið, hvort ekki sé ástæða til, að leita álits timbursmiðs *Klentz*, sem stóð fyrir byggingu þessa húss, eða annara manna, sem vit hafa á slíkum efnum, um það, hvernig bezt verði ráðin bót á þessu.

Eptir að stjórnarráðið útaf þessu hefir fengið álit timbursmiðs *Klentz*, hefir hann í bréfi því, sem vèr látum fylgja með, stungið uppá, að búin verði til hitavèl í húsinu á þeim stað, sem tiltekinn er á meðfylgjanda uppdrætti, og hefir hann samið áætlun um kostnaðinn við þetta, sem vèr einnig sendum yður, en til bráðabirgða hefir hann stungið uppá, að í vetur verði settur ofn upp á þann hátt, sem hann nákvæmar skýrir frá í bréfi sínu.

Um leið og stjórnarráðið lætur það vera á yðar valdi, að gjöra þær ráðstafanir, sem timbursmiður *Klentz* hefir stungið uppá til bráðabirgða, mælumst vèr til, áður en lengra verður haldið út í málið, að þér segið álit yðar um hitavèl í bókhlöðu-

1871.

11. ágúst.

húsinu, og um áætlun þá, sem *Klentz* hefir samið, og búumst vör jafnframt við, að þér sendið hingað aptur meðfylgjandi skjöl.

81. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um gjöld fyrir veitingarbréf fyrir embætti.

11. ágúst.

Þarsem þér, herra stiptamtmaður, útaf athugasemd frá stjórnardeild reikningsmálanna við reikning suðuramtsins yfir konungleg leyfisbréf og veitingarbréf, sem látin hafa verið af hendi á árinu 1867, um það, að gjald fyrir nokkur veitingarbréfin væri óborguð, hafði látið í ljósi, að eptir að svo hafði verið mælt fyrir í auka-fjárhagslögum fyrir fjárhagsárið 1869—70, 28. maí f. á., að hlutaðeigendum skyldi verða gefin upp þau gjöld og eptirstöðvar af gjöldum fyrir veitingarbréf, sem ekki væri búið að borga fyrir 31. marz 1870, yrði stiptamtíð að leita æðri úrskurðar um, hvornig fara skyldi með þau gjöld, sem væri enn óborguð nefndan dag, en þessi væri, auk annara, fyrir:

1. veitingarbréf Péturs biskups Péturssonar, 253 rd.,
 2. veitingarbréf Þórarins prófests Böðvarssonar fyrir Garðaprestakalli, 14 rd., og fyrir
 3. veitingarbréf Jens skólameistara Sigurðssonar, 55 rd. 48 sk. ;
- hefir stjórnardeild reikningsmálanna borið þetta mál undir úrskurð stjórnarráðsins.

Með því það þókti vera efasamt, hvornig skilja ætti 7. grein í lögum 26. marz 1870, sem hefir inni að halda almennar ákvarðanir um laun embættismanna og embættisþjóna, þegar hún er borin saman við 13. grein, að því leyti, sem snertir þá tvo embættismenn, sem fyrst eru taldir og eru andlegrar stéttar, og af því að gjöldin, ef ætti að borga þau, renna í rikissjóðinn, skrifaði stjórnarráðið fjárhagsstjórninni um þetta, en hún hefir skrifað aptur, að svo yrði að álíta, sem það sè með öllu efalauast, að það sè eins um andlegrar stéttar embættismenn á Íslandi eins